

## **VIÐMIÐUNARREGLUR**

### **um lýsingu við íbúðarhúsnæði utan þéttbýlis í Borgarbyggð**

#### 1. grein.

Sérstakt átak í útlýsingu með uppsetningu ljósastaura við íbúðarhúsnæði utan þéttbýlis verður framkvæmt af sveitarfélaginu á árunum 2008 – 2013.

Hámarksfjöldi ljósastaura við íbúðarhús á lögbýli með fasta búsetu verða tveir staurar, séu fleiri íbúðarhús á lögbýli með fasta búsetu bætist við einn staur fyrir hvert hús. Hámarksfjöldi við íbúðarhús með fastri búsetu þar sem ekki er lögbýli verður einn staur.

#### 2. grein.

Eigendur íbúðarhúsa utan þéttbýlis geta óskað eftir því að sveitarfélagið setji upp ljósastaura við húsnæði þeirra. Hámarksfjöldi staura verður sbr. 1. grein.

#### 3. grein.

Sótt skal um uppsetningu ljósastaura til byggðarráðs. Tilkynningar um viðhaldspörf skulu sendar til dreifbýlisfulltrúa.

#### 4. grein.

Sveitarfélagið greiðir fyrir ljósastaurana og kostar uppsetningu þeirra.

#### 5. grein.

Ljósastaurar sem þannig verða settir upp verða eign eigenda viðkomandi húsnæðis. Þeir staurar sem fyrir eru við húsnæði sem reglur þessar taka til, verða eign eigenda viðkomandi húsnæðis, geri þeir ekki athugasemd við það til framkvæmdasviðs sveitarfélagsins fyrir 1. mars 2008.

#### 6. grein.

Sveitarfélagið ber rekstrarkostnað vegna ljósastaura sem upp verða settir á vegum þess. Einnig af þeim staurum sem upp hafa verið settir af sveitarfélögunum áður.

#### 7. grein.

Endurgreiðslur sveitarfélagsins vegna rafmagnskostnaðar staura verða með þeim hætti að þar sem staurar eru ekki tengdir við rafmagnsmæli húsa, greiðir sveitarfélagið fyrir rafmagnsafnot til raforkusala. Þar sem staurar er tengdir inn á mæli húsa greiðir sveitarfélagið kostnað vegna raflýsingar ár hvert. Endurgreiðslan verður kr. 4.500,- pr. staur miðað við upphaf árs 2008, sem uppfærast síðan m.v. neysluverðsvísitölu hvers árs. Endurgreiðsla fer fram í janúar/febrúar að loknu rekstrarári.

#### 8. grein.

Reglur þessar taka gildi 01. janúar 2008.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 13. desember 2008.